



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
í kvöldverði á Bessastöðum  
til heiðurs  
Hákoni krónprins Noregs**

**12. október 2022**

Yðar konunglega tign.

Fyrir hönd okkar hjóna býð ég yður hjartanlega velkominn til Íslands, og allt yðar föruneyti sömuleiðis. Okkur er það ánægja að taka á móti góðum gestum frá Noregi. Við vonum að þér munið njóta dvalarinnar hér og verða margs vísari um íslenskt samfélag, ekki síst á sviði grænnar orku og grænna lausna. Þar að auki hlýtur samstarf á norðurslóðum að koma til umræðu þegar Íslendingar og Norðmenn hittast. Okkur þykir vænt um að þér heiðrið alþjóðaráðstefnuna Hringborð norðurslóða með nærveru yðar.

Auðvitað mætti nefna margt fleira sem sameinar okkur og verður mér þá strax hugsað til sögunnar og menningararfsins, og þessa staðar hér. Á sínum tíma voru Bessastaðir hluti af ríkidæmi Snorra Sturlusonar, þess mikla sagnaritara sem samdi meðal annars Heimskringlu. Í því riti skráði hann sögu Noregskonunga, á máli sem við áttum þá sameiginlegt og ég leyfi mér að vitna í upphaf verksins hér: „Í bók þessi lét eg rita fornar frásagnir um höfðingja þá er ríki hafa haft á Norðurlöndum og á danska tungu hafa mælt.“

„Á danska tungu,“ sagði Snorri og við verðum að láta okkur hafa það, við Íslendingar og Norðmenn. Við verðum líka að þola það og viðurkenna að við tölum ekki lengur sömu tungu líkt og við gerðum hér og í Skandinavíu fyrr á tíð.

Þá verðum við bara að leysa úr því. Hér á Íslandi læra ungmenni ennþá dönsku í skólum og það dugar okkar víðast á Norðurlöndum. Ég vona að nemendur í Noregi fræðist enn eitthvað um Snorra og „gammel norsk“ og að talað mál tengi okkur á nýja vegu. Síðustu ár hafa íslenskir

unglingar meira að segja lært að blóta á norsku, búin að háma í sig norsku þættina Skam sem ná svo vel að fanga hæðir og lægðir uppvaxtaráranna hvort sem er hér, í Noregi eða víða annars staðar.

Já, við Íslendingar og Norðmenn eigum sannarlega ýmislegt sameiginlegt og getum verið sammála um svo margt – eiginlega allt nema kannski fisk og fiskveiðar öðru hvoru. Og hver veit nema sagan endurtaki sig. Í fornum sögum segir frá því að norskir höfðingjar hafi flúið skattþynd heima fyrir og horfið hingað í sælunnar reit. Nú berast hingað þær fréttir frá Noregi að þar eigi að leggja þunga skatta á fiskeldisbændur og þeir hugsu sér jafnvel til hreyfings.

Við sjáum hvað setur. Framtíðin er í okkar höndum. Yðar konunglega tign! Ég ítreka þá ósk okkar Elizú að yður muni líka dvölin hér. Ég bið ykkur öll að lyfta glösum til heiðurs hans hátign Hákonu krónprinsu í Noregi.